

Drangahraun 7 – umsókn um lóðarstækkun - 1802337

Hafnasandur sækir um lóðarstækkun í átt að sveitarfélagsmörkum við Garðabæ. Stækkun sem óskað er eftir afmarkast af sveitarfélagsmörkum annars vegar og hins vegar veghelgunarsvæði fyrirhugaðs Álftanessvegar, sbr. skissu sem fylgir umsókn.

Umsögn skipulagsfulltrúa:

Ekki er unnt að verða við ósk um lóðarstækkunina, m.a. vegna óvissu um veghelgunarsvæði fyrirhugaðs Álftanessvegar. Endanleg lega Álftanessvegar liggur ekki fyrir, en bent er á fordæmi um veitingu tímabundins afnotaréttar á landsskika við hliðstæðar aðstæður og hér um ræðir. Ef veita ætti slíkan tímabundinn rétt yrði það gert með fyrirvörum um að komi í ljós að svæðið lendi innan veghelgunarsvæðis fyrirhugaðs Álftanessvegar verði það endurkræft án bóta fyrir hugsanlegar framkvæmdir og mannvirki. Einnig gæti fyrirhugað deiliskipulag hverfisins kallað á endurkröfu landsins.

2. mars 2018

Guðrún Guðmundsdóttir